

Múlaping  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 15. nóvember 2024  
UST202410-146/E.S.F.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Merkjadalur, frístundabyggð í landi Hafrafells 1 - Múlaping

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlapingis er barst 16. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Merkjadal vegna frístundabyggðar í landi Hafrafells 1.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé tæplega 11 hektarar að stærð og staðsett suður af enda Urriðavatns. Með deiliskipulaginu skapast lóðir fyrir 10 frístundahús, sem ætlaðar eru til sölu á opnum markaði. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og er því um að ræða nýtt deiliskipulag sem samræmist gildandi Aðalskipulagi Fljótshálsa 2008-2028.

### Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands<sup>1</sup> er innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og ætti því að forðast rask á því svæði sem starungsmýravist finnst.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Lóupræll er einnig á lista Bernarsamningsins frá 2011 yfir dýr og búsvæði þeirra sem þarfnast verndar.<sup>2</sup> Því ætti að hafa alþjóðlega samninga eins og Bernarsamninginn sem viðmið í umhverfismati.

<sup>1</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreinda vistgerð og búsvæði fugla. Umhverfisstofnun leggur einnig áherslu á að framkvæmdir fari fram fyrir utan varptíma.

### Náttúruminjaskrá

Fram kemur í greinargerð að deiliskipulagssvæðið er á náttúruminjaskrá; í útjaðri svæðis 646, sem heimamenn kalla Út-Fell og er flokkað sem aðrar náttúruminjar.

Í Aðalskipulagi Fljótshéraðs er ekki tekið fram hvaða reglur gilda um landnotkun á svæðum sem eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. um umgengni eða mannvirkjagerð.

Í aðalskipulaginu segir hins vegar: „Við samþykkt deiliskipulags fyrir frístundabyggð skal hafa Náttúrumæraskrá Fljótshéraðs (2008) sem unnin hefur verið í tengslum við aðalskipulagsgerðina til hliðsjónar.“ Í Náttúrumæraskrá Fljótshéraðs er einnig fjallað um svæðið, 7.6 Útfellagriðland.<sup>3</sup>

Fram kemur að ekki er talið að þessi tillagan gangi gegn markmiðum friðlýsingar Út-Fella enda skipulagssvæðið í útjaðri þess og spillir ekki þeim landslags- eða jarðmyndunum sem einkenna svæðið í náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er ekki friðlýst en það er á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar.

### Áhrif á vatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvernig skipulagstillagan samræmist lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.<sup>4</sup> Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaaðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Áður en hægt er að veita leyfi fyrir framkvæmdum er mikilvægt að framkvæmdaraðili meti áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin sem um ræðir. Það er gert með því markmiði að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar

<sup>3</sup> <https://geo.alta.is/nms/?nr=7.6&lng=-14.4986987529083&lat=65.2848969718265&z=13>

<sup>4</sup> [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

vatnamála.<sup>5</sup> Leyfisveitendum ber að taka afstöðu til áhrifamatsins við leyfisveitingarferlið. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og vill stofnunin einnig benda á leiðbeiningarit<sup>6</sup> um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

### Ásýnd og landslag

Umhverfisstofnun telur jákvætt að settir verði skilmálar inn í skipulagsáætlunina varðandi húsagerðir, stærðir, form og útlit til að byggingar falli sem best að landslaginu. Auk þess að það sé mjög jákvætt að flutningur lúpínu inn á svæðið verði bannaður og að það séu sett skilyrði um að forðast beri að planta hávöxnum og „ágengum“ trjátegundum svo sem ösp og sitkagreni.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

**sérfræðingur**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

---

<sup>5</sup> [Vöktunaráætlanir og skipulag vöktunar \(vatn.is\)](http://voktunarasetlanir.og.skiplag.voktunar.vatn.is)

<sup>6</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0b\\_minni%20fr%3%a1veitur\\_LOKA.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0b_minni%20fr%3%a1veitur_LOKA.pdf)